

Námsvísar Hvolsskóla

Yngsta stig



GLEÐI, VIRÐING, VINÁTTA

2024- 2025

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Námsvísar yngsta stig, 1.- 4. bekkur	3
Íslenska í 1. bekk.....	4
Íslenska í 2. bekk.....	6
Íslenska í 3. bekk.....	8
Íslenska í 4. bekk.....	9
Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT).....	11
Stærðfræði í 1. bekk	12
Stærðfræði í 2. bekk	13
Stærðfræði í 3. bekk	14
Stærðfræði í 4. bekk	15
Enska í 3. og 4. bekk.....	17
Samfélagsfræði/lífsleikni í 1. bekk	18
Samfélagsfræði/lífsleikni í 2. bekk	18
Samfélagsfræði/lífsleikni í 3. bekk	19
Samfélagsfræði/lífsleikni í 4. bekk	20
Náttúrufræði og útikennsla í 1. bekk	21
Náttúrufræði og útikennsla í 2. bekk	21
Náttúrufræði og útikennsla í 3. bekk	22
Náttúrufræði og útikennsla í 4. bekk	24
Myndmennt	25
Textílmennt	25
Smíði - mótun.....	27
Heimilisfræði	27
Tónmennt	29
Upplýsinga- og tæknimennt í 1. bekk	29
Upplýsinga- og tæknimennt í 2. bekk	30
Tölvur í 2. bekk.....	30
Bókasafn í 2. bekk.....	31
Upplýsinga- og tæknimennt í 3. bekk	31
Bókasafn í 3. bekk.....	32
Upplýsinga- og tæknimennt í 4. bekk	32
Íþróttir og sund	33
ART í 1. bekk.....	34
ART í 2. bekk.....	35
ART í 3. bekk.....	35
ART í 4. bekk.....	36

Inngangur

Námsvísar eru birtir nemendum og foreldrum að hausti og eru þeir hinar eiginlegu skólanámskrár þar sem kennslumarkmið Hvolsskóla birtast. Farið hefur verið vel yfir eldri námsvísa, þeir uppfærðir og lagaðir. Uppsetningin er nokkurn veginn sú sama fyrir hvert stig. Vísað er til markmiða Aðalnámskrár grunnskóla og síðan eru námsgreinarnar taldar upp; íslenska, stærðfræði, samfélagsgreinar; kristin fræði – siðfræði – trúarbragðafræði – landafræði – lífsleikni -ART, náttúrufræði - umhverfismennt, myndmennt, textilmennt, hönnun og smíði, tónmennt, heimilisfræði, upplýsinga- og tæknimennt, bókasafn, tölvukennsla, enska, íþróttir og sund. Innan hverrar námsgreinar er svo fjallað um helstu kennslumarkmið Hvolsskóla, leiðir, námsefni og námsmat.

Námsvísar yngsta stig, 1.- 4. bekkur

Á yngsta stigi veturinn 2024-2025 eru 76 nemendur. Í 1. bekk eru 18 nemendur, 22 nemendur í 2. bekk, 20 nemendur í 3. bekk og 17 nemendur í 4. bekk.

Yngsta stig, 1 .2. 3. og 4. bekkur er kennt í tveimur opnum rýmum, þar sem hver bekkur hefur sitt heimasvæði.

Umsjónarkennarar eru: Saga Tíbrá Bergmann og Theodóra Jóna Guðnadóttir í 1. bekk, Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir í 2. bekk, Edda S.Thorlacius og Lea Birna Lárusdóttir í 3. bekk og Hildur Hjaltadóttir í 4. bekk.

Fimm stuðningsfulltrúar starfa á stiginu; Arzu Khalilova, Guðrún Ingadóttir, Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Raquel Sofia Abranja Domingos, Sarah Maagaard Nielsen og Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir.

Sérkennsla á stiginu sinna, Erla Guðfinna Jónsdóttir, Svava Björk Helgadóttir og Svandís Þórhallsdóttir.

Þroskaþjálfar; Eyrún Elvarsdóttir, Hafdís María Jónsdóttir og Klara Sif Ásmundsdóttir.

Kennsla fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku sinnir Justyna Lis og Þuríður Vala Ólafsdóttir.

Mikið er lagt upp úr sýnilegu/myndrænu skipulagi og er nemendum gert kleift að sækja sér upplýsingar um það sem framundan er á dagskipulagi sem sett er upp að morgni. Hver og einn nemandi á sitt heimaborð.

Nemendur eiga að lesa heima á hverjum degi fyrir foreldri og eða forráðamann. Annað heimanám er sett upp í áætlun inn á namfus.is og/eða lestrardagbók barnsins eins má finna kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.

Sérkennsla og þjálfun hjá þroskaþjálfara fara að miklu leyti fram í lotum, sex vikur í senn. Hún fer fram í hópavinnu en einnig taka sérkennari/þroskaþjálfari nemendur í einstaklingstíma, hvort sem er út úr tíma eða inn í kennslustund. Auka hreyfitímar eru fyrir þá nemendur sem þurfa á því að halda, 40 mínútur einu sinni til tvisvar sinnum í viku eða eftir þörfum.

Kennsla fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku er kennd í litlum hópum.

Öll markmið náms og kennslu í Hvolsskóla í öllum námsgreinum byggja á markmiðum Aðalnámskrár frá 2011.

Aðalnámskrá grunnskóla er að finna á vef menntamálaráðuneytisins: www.mrn.stjr.is

Íslenska í 1. bekk

Kennarar: Saga Tíbrá Bergmann og Theodóra Jóna Guðnadóttir

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Ingadóttir

Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks mótast af grunnþáttum menntunar sem eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun*. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heilstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styður við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er m.a. átt við innlagnir, umræður, þemavinu, hópastarf, eintaklingsstarf og f.l.

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð	Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu.
Jafnrétti	Mikið er unnið í hópum/pörum í íslensku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu. Val á lestrarbókum og val á bókum á bókasafni
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur eru hvattir til að vera virkir og taka þátt í umræðum t.d. í umsjónarstundum, í lífsleikni og í samfélagsfræði. Nemendur fá tækifæri til að ganga til kosninga við ýmis tækifæri, t.d. við val á verkefnum eða leikefni við.
Læsi	Unnið er með læsi í víðum skilningi og lesskilningur þjálfaður. Nemendur takast á við nýja færni þ.e. að æfa umskráningu bókstafa og hljóða þeirra. Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.
Sjálfbærni	Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið. Grænfánaverkefnið.
Sköpun	Mikið unnið með myndsköpun, myndasögur og föndur. Nemendur skila verkefnum á mismunandi formi, t.d. teikna, skrifa, gera hugtakakort og segja frá.

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum. Sá fyrsti er talað mál, hlustun og áhorf mynda, þá lestur og bókmenntir, síðan ritun og að síðustu málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Markmiðið er að nemandi:

- taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum að tjá sig á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi
- þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
- fylgi fyrirmælum, sýni kurteisi og æfi góð samskipti.

Leiðir:

Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá. Allir taka þátt í uppsetningu atriða árshátíðar á miðönn. Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilji tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. Nemendur æfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum og sýni flytjendum tillitsemi, hvort sem um samnemendur eða kennara er að ræða.

Lestur og bókmenntir

Markmiðið er að nemandi:

- þekki alla stafi og hljóð
- beiti aðferðum við umskráningu hljóða
- efli hljóðvitund sína
- efli orðaforða og orðaskilning
- fái tækifæri til að lesa fjölbreytt efni sem hæfir lestrargetu og áhuga, t.d. sögur, ljóð. Ævintýri og fl.
- Lágmarksviðmið er að nemandi í 1. bekk lesi 20 orð á mín. að vori

Leiðir:

Við lestrarkennslu er stuðst við hljóðaaðferðina. Nánar má lesa um hana á lesvefurinn.hi.is. Einn til tveir bókstarfir eru lagðir inn á viku. Nemendur vinna með tengingu bókstafa, orð og setningar. Fljótlega fá allir lestarbækur í samræmi við getu og þá byrja nemendur að lesa heima daglega. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnunum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig a.m.k. 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu. Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls. 3x.

Nemendur fá *Lestrardagbók* í byrjun hvern annar, með lestrarbókunum. Heimalestur og lestur í skóla er skráður í dagbókina. Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur hafa greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þau geta skoðað og lesið. Einnig eiga þeir fastan tíma á bókasafninu og geta valið sér bók til að lesa heima eða í skólanum.

Ritun

Markmiðið er að nemandi:

- þekki skriftaráttina
- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd
- þjálfist í að hafa bil á milli orð
- skrifi orð eða setningu
- skrifi stóran staf í upphafi nafna
- fái fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.

Leiðir:

Mikilvægt er að kenna og þjálfra lestur og ritun samhliða og byggja upp stigvaxandi hæfni alla skólagönguna. Í 1. bekk er aðaláherslan lögð á að draga rétt til stafs. Kennend er ítölsk skrift með tengikrókum. Nemendur skrifa eftir forskrift og fá þjálfun í sóknarskrift. Nemendur eru hvattir til að skrifa orð/texta og efla þannig hljóðvitund og tengsl stafa og hljóða. Notast verður við aðferðina *Að skrifa sig til læsis* sem felur í sér að nemendur nota tölvu til að læra stafina og skrifa út frá tali og læra um leið að lesa.

Málfræði

Markmiðið er að nemandi:

- þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð
- þekki stafrófið
- skrifi stóran staf í upphafi nafna

Leiðir:

Málfræðin er samofin öðrum þáttum íslenskukennslunnar. Aðaláherslan er að styrkja orðaforða nemanda og máltilfinningu þeirra.

Námsmat

Námsmat fer ekki einungis fram í lok hvernar annar heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Þær matsaðferðir sem notaðar eru endurspeglar áherslur í kennslu og meta alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni. Leiðsagnarmat, kannanir, próf og sjálfsmat eru dæmi um matsaðferðir. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa foreldrum innsýn í stöðu og vinnu nemandans. Í niðurstöðu námsmats kemur fram að hvaða markmiðum unnið hefur verið og hvernig hefur tekist að ná þeim markmiðum. Námsmat er afhent við lok hvernar annar í foreldraviðtölum og á skólaslitum.

Í lok annar verður bæði gefin prófseinkunn og kennaraeinkunn. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarprófum. Í annarlök verða lögð fyrir próf. Kennaraeinkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum, ásamt lykilhæfni.

Lykilhæfni skiptist í:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi hugsun og frumkvæði
- Sjálfstæði og samvinna
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Námsefni

Lestrarlandið – lesbók og vinnubók. Listin að lesa og skrifa. Ritrún 1. Léttlestrarbækur og vinnubækur. Bækur af bókasafni. Gagnvirkt efni. Skrift 1, valin ljósrituð verkefni frá kennara.

Íslenska í 2. bekk

Kennarar: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Meginmarkmið: Á fyrstu árum skólagöngu er megináhersla lögð á íslenskukennslu. Farið er í grunnatriði í lestri og ritun. Enda er góð kunnátta í móðurmáli meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemanda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af

nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Gott og ríkulegt talmál ásamt ritmálinu eru meginforsenda samskipta.

Talað mál, hlustun og áhorf

Þjálfarar nemendur í:

- að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum
- framsögn og skýrum framburði
- að hlusta og horfa með athygli, en þó á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- að hlusta á aðra og taka tillit til annarra
- að lesa, leika og syngja texta af ýmsum gerðum
- að endursegja ýmiss konar texta og frásagnir
- að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu

Lestur og bókmenntir

Þjálfarar nemendur í:

- lestrar- og ritfærni
- hvetja nemendur til að lesa sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- að velja sér bækur eftir áhugasviði
- að þekkja hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap
- að flytja og læra ljóð

Ritun

Þjálfarar nemendur í:

- að geta skrifað skýrt og læsilega
- að þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum
- að vera færir um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri
- að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- að skoða og skrifa margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf

Málfræði

Þjálfarar nemendur í:

- að tileinka sér jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt
- að geta raðað í stafrófsröð
- að þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- að þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- að þekkja mismunandi hlutverk nafnorða, lýsingarorða
- að þekkja mun samnafna og sérnafna
- að þekkja hugtökin samheiti og andheiti
- að þekkja og vinna með samsett orð

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hringekja, ýmis konar hópavinna, innlagn í litlum hópum þar sem stuðlað er að jákvæðum samskiptum, samábyrgð og samvinnunámi.

Að venju lesa nemendur hjá kennara eða stuðningsfulltrúa a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Auk þess eru lestrarstundir í stundaskrá þar sem nemendur fá 30 mínútur fjórum sinnum í viku til að efla læsi og áhuga á lestri.

Unnið verður með valið efni úr íslenskum og erlendum bókmenntum, auk fréttagreina úr samfélaginu til þess að efla læsi almennt svo sem málvitund, lesskilning og bókmenntaáhuga.

Reynt verður að samþætta við aðrar greinar þannig að um samfellu verði að ræða en ekki skil á milli námsgreina. Nemendur fá einnig að hafa áhrif á sitt eigið nám með úrvinnslu efnis.

Námsgögn

Fjölbreytt námsgögn verða í boði. T.d. námsefnið Lestrarlandið, Ritrún, Ítaliúskrift og ýmsar lestrarbækur, hljóðbækur, tölvuforrit og hlutbundið efni. Auk þess verða útbúin verkefni út frá því efni sem verið er að lesa fyrir nemendur. Unnið verður út frá því að hver nemandi fái námsgögn við sitt hæfi. Úrvinnsla verkefnanna verður fjölbreytt, þar sem nemendur fá val um úrvinnslu verkefna, þá má nefna sköpun, ritun og leikræna tjáningu.

Námsmat

Leiðsagnarmat og kennaraeinkunn/umsögn og prófseinkunn í lok annar. Kennaraeinkunn er m.a. gefin út frá virkni, áhuga og verkefnabókum. Lestur verður prófaður reglulega. Vinnubækur og verkmöppur metnar með umsögnum, sjálfsmati og jafningjamati.

Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.

Lestrarviðmið í 2. bekk

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 40 orð/mín. Almenn viðmið 85 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 100 orð/mín.

Íslenska í 3. bekk

Kennarar: Edda S. Thorlacius og Lea Birna Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Meginmarkmið

Samkvæmt þrepamarkmiði og grunnþáttum menntunnar í Aðalnámsskrá grunnskóla.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hringekja, ýmis konar hópavinna, innlögð í krók og í litlum hópum.

Læsi	Að venju lesa nemendur hjá kennara eða stuðningsfulltrúa a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Áfram verða lestrarstundir í stundaskrá þar sem nemendur fá 30 mínútur fjórum sinnum í viku til að efla læsi og áhuga á lestri. Umræður og margvísleg umfjöllun um mismunandi birtingarmyndir læsis. Margvísleg vinna og æfingar í að geta tjáð skoðunum sínum og hugsun í ritað mál. Fjölbreytileg verkefni sem efla lesskilning.
Sjálfbærni	Efla ábyrgðarhlutverk og vekja áhuga nemenda í að varðveita og efla íslenskt mál.
Heilbrigði og velferð	Andleg, líkamleg og félagsleg heilbrigði er æft og eft með fjölbreyttum verkefnum í einstaklings- og hópavinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Vekja áhuga á og efla ábyrð nemenda á eigið nám. Nemendum er gert

	grein fyrir að það eru ekki allstaðar sömu tækifæri til náms.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri í að þroskast og efla sína hæfileika ásamt þess að veita öðrum tækifæri til þess m.a. með að veita vinnufrið og vinna saman.
Sköpun	Lagt verður fyrir verkefni sem efla sköpun og skapandi hugsun t.d. með skapandi skrif, myndasögur og föndur.

Námsgögn

Ritrún, Orð og setningar, Litla lesrún, skrift og annað efni, sem við á hverju sinni, frá kennara. Hefðbundnar lestrarbækur og vinnubækur með völdum bókum. Sérvalinn tölvuforrit og efni af ýmsum námsvefum eins og www.nams.is. Unnið verður út frá því að hver nemandi fái námsgögn við sitt hæfi.

Námsmat

Leiðsagnarmat og kennaraeinkunn/umsögn og prófseinkunn í lok annar. Kennaraeinkunn er m.a. gefin út frá virkni, áhuga og verkefnabókum. Prófseinkunn byggist á prófi í lok annar.

Lestrarviðmið í 3. bekk

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 55 orð/mín. Almenn viðmið 100 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 120 orð/mín.

Íslenska í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Læsi	Að venju lesa nemendur hjá kennara eða stuðningsfulltrúa a.m.k. þrisvar sinnum í viku. Áfram verða lestrarstundir í stundaskrá þar sem nemendur fá 30 mínútur fjórum sinnum í viku til að efla læsi og áhuga á lestri. Umræður og margvísleg umfjöllun um mismunandi birtingarmyndir læsis. Margvísleg vinna og æfingar í að tjá skoðanir sínar, munnlega og í rituðu máli. Fjölbreytt verkefni sem efla lesskilning.
Sjálfbærni	Hvetjum alla nemendur til að læra íslenskt mál bæði til að varðveita menningararf okkar og tungu sem og að þróa tungumálið í síbreytilegu samfélagi.
Heilbrigði og velferð	Andleg, líkamleg og félagsleg heilbrigði er æft og eflt með fjölbreyttum verkefnum í einstaklings- og hópavinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Vekja áhuga nemenda á þeim möguleikum sem þeir hafa til að hafa áhrif á eigin námsframvindu og annarra og hvetja þau til að taka ábyrð á eigin námi. Hvetja nemendur til að taka þátt í lýðræðislegum aðgerðum og umræðu. Nemendum er gert grein fyrir að það eru ekki allstaðar sömu tækifæri til náms.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri í að þroskast og efla sína hæfileika ásamt þess að veita öðrum tækifæri til þess m.a. með að veita vinnufrið og vinna

	saman.
Sköpun	Lögð eru fyrir nemendur verkefni sem efla sköpun og skapandi hugsun t.d. með skapandi skrif, myndasögur og föndur. Einnig er lögð áhersla á verklegar greinar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði og staðið fyrir máli sínu,.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmennir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Ritun

- Nýtt í ritun þekkingu á grunn-þáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Beitt einföldum stafsetningar-reglum og notað tiltæk hjálpgögn við hæfi. Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, eikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Hlustun og talað mál

- Skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim.
- Tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu, spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum og orðatiltækjum.
- Tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda.
- Borið fram helstu málhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði.

Lestur, bókmenntir og ritun

- Lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur.
- Lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum.
- Notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð.
- Beitt einföldum reglum um stafsetningu.
- Skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð og skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi.

Námsgögn: Unnið verður með bækurnar: Ritrún 3, Litlu landnemarnir, (texta- og vinnubók), Lukkudýrið (texta- og vinnubók) auk útprentaðs efnis til að efla lesfimi. Skrift 3 og Skrift 4. Ýmsa texta og verkefni til að þjálfva stafsetningu og ritun. Nemendur velja almennt lestrarefni á skólasafni en reynt er að stuðla að því að það sé í samræmi við getu og þarfir

Kennsluaðferðir: Reynt er að beyta fjölbreyttum kennsluaðferðum. Við blöndun einstaklings- og hópavinnu. Stuðlum að margs konar samvinnu í takti við leiðsagnarnám. Unnið verður í litlum hópum með það að markmiði að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins.

Námsmat: Reynt er að nota sem fjölbreyttast námsmat. Við leiðum þau áfram í takti við áherslur leiðsagnarmats með því að beyta símati, sjálfsmati og markmiðssetningum. Nemendum er veitt umsögn í annarlok sem kennari byggir á vinnu nemenda s.s. vinnuheftum og framlagi í kennslustund sem og prófum.

Lestrarviðmið í 4. bekk

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 80 orð/mín. Almenn viðmið 120 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 145 orð/mín.

Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)

Hæfniráttar í íslensku sem öðru tungumáli eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda. Sjá 19. kafla í Aðalnámskrá grunnskóla <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafla-19> Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfniráttarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri. Hæfniráttarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hvert stig skiptist síðan í eftirfarandi þætti: Skilningur-hlustun, skilningur-lestur, tjáning-talað mál, tjáning-ritun.

Forstig er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstig eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

1. stig er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk máhljóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunarfæringar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

2. stig. Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhlíða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlanum í öllum bókglegum greinum.

3. stig. Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaforða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

Markmið: að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Leiðir að markmiðum: þjálfun í töluðu máli, hlustun, ritun og lestri.

Námsefni: aðlagað námsefni og námsefni sem hefur sérstaklega verið samið fyrir ÍSAT nemendur, ýmsar lestrar- og verkefnabækur, vefsíður, spil og annað efni frá kennara.

Námsmat: símat sem miðast við þátttöku í kennslustundum.

Stærðfræði í 1. bekk

Kennarar: Saga Tíbrá Bergmann og Theodóra Jóna Guðnadóttir

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Ísfeld Ingadóttir

Í stærðfræði verður unnið að fjölbreyttum verkefnum þar sem nemendum gefst tækifæri til að rannsaka og skapa. Leitast verður við að glæða áhuga nemenda á hinum ýmsu hliðum stærðfræðinnar. Áhersla er á talna- og hugtakaskilning, umræður og umhugsun, samvinnu og samræður.

Námsmarkmið

Við lok 1. bekkjar geti nemandi:

- nái góðum tókum á rithætti talnanna
- nái góðum tókum á tölum 0-50
- kynnist tölum upp í 100
- nái tókum á stærðfræðitengdum hugtökum
- notað einföld stærðfræðitákni
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum
- leysi verkefni þar sem bæði þarf að draga frá og leggja saman
- læri að nota hjálpargögn við úrlausnir, svo sem talnagrindur, kubba og talnalínur
- fundið mynstur í umhverfi sínu
- leysi viðfangsefni í samvinni við bekkjarfélaga og læri að útskýra niðurstöður
- læri að lesa af klukku – þ.e. heila tímann
- læri að telja krónur
- læri að lesa af stundatöflu

- læri að lesa af dagatali
- telji, flokki, skrái og lesi upplýsingar í töflu og súluriti
- greint formin: hringur, þríhyrningur, ferningur og rétthyrningur
- mælt lengd með óstöðluðum mælieiningum

Leiðir

Nemendur vinna ýmist einir eða saman og taka tillit til hvers annars. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu og þeim hæfniviðmiðum sem henta honum, þó svo að námsþættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni.

Í 1. bekk er auk þess lögð mikil áhersla á hlutbundna vinnu þar sem nemendur fá áþreifanleg verkfæri og tækifæri til að leysa verkefni og auka þar með skilning sinn á stærðfræðinni. Það er grundvallar atriði að nemendur efli talnaskilning sinn og að þeir læri að þekkja aðgerðartáknin og fái mikla þjálfun í grunnatriðum. Spil og leikir verða mikið notuð í kennslunni.

Námsefni

Sproti 1a og sproti 1b. Ýmis verkefni frá kennara. Stærðfræðileikir. Gagnvirkir efni og námskeikir.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem er unnið jafn og þétt yfir skólaárið. Kennaraeinkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, framkomu og sjálfstæðis í vinnubrögðum, ásamt lykilhæfni. .

Stærðfræði í 2. bekk

Kennarar: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Að nemendur:

- fái kennslu og viðfangsefni við sitt hæfi
- þrói með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði
- geri sér grein fyrir mikilvægi stærðfræði og tengi hana við daglegt líf og umhverfi
- þjálfist í reikniáðgerðunum plús + og mínus -
- vinni með stærðfræðina í dagsins önn t.d. með vettvangsferðum, orðadæmum og/eða þrautalausnum.
- æfi sig í að skrá og lesa úr gagnasöfnum, munnlega eða með skýringamyndum.
- vinni með peninga, flokkun og telja í ákveðna upphæð
- þjálfist í að vinna með talnalínu og fái tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins
- þekki hugtökin eining, tugur og hundrað
- fari í leiki sem reyna á talnaskilning og stærðfræðilega hugsun s.s. spil, tafl, orða- og/eða rúmfræðileiki
- þjálfist í að þekkja oddatölur og sléttartölur

Kennsluhættir

Innlögn kennara á töflu og á innlagnarborðum, einstaklingsvinna í vinnubækur, vinna í pörum eða hópum, með þrautalausnir og smáhlutasöfn. Vettvangsferðir til að skoða umhverfið út frá

stærðfræðinni. Nemendur rannsaka og gera tilraunir með hluti og samhengi í umhverfinu, í stórum og smærri hópum, þannig má auka samkennd og lýðræðisleg vinnubrögð meðal nemenda.

Námsgögn

Sproti 2a og 2b æfingabækur og nemendabækur, Evolytes bækur með forriti í Ipad. Ásamt því verður lögð áhersla á að nemendur læri að nýta sér ýmis hjálpargögn s.s. talnagrindur, kubba, spil, klukkur og kennslupeninga. Auk þess verður stuðst við ýmsar vinnubækur, ljósrit og verkefni.

Námsmat

Kennarinn fylgist með vinnu og framförum nemenda allan veturinn. Metin er virkni í tímum, hæfni og sjálfstæð vinnubrögð. Einnig er metin hæfni í samkiptum og samvinnu við aðra. Könnunarpróf er lagt fyrir í lok annar og gildir sem hluti af einkunn.

Stærðfræði í 3. bekk

Kennarar: Edda S. Thorlacius og Lea Birna Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Meginmarkmið: Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

Læsi	Umræður og margvísleg umfjöllun um mismunandi birtingarmyndir læsis í stærðfræði, t.d. talnalæsi. Margvísleg vinna og æfingar í að geta tjáð hugsun, koma hugmyndum sínum á framfæri og geta útskýrt hvernig einstaklingur er að leysa stærðfræðitengd verkefni. Fjölbreytileg verkefni sem eflir lesskilning í stærðfræði.
Sjálfbærni	Efla ábyrgðarhlutverk og vekja áhuga nemenda í að varðveita og efla íslenskt mál í stærðfræðivinnu.
Heilbrigði og velferð	Andleg, líkamleg og félagsleg heilbrigði er æft og eflt með fjölbreyttum verkefnum í einstaklings- og hópavinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Vekja áhuga á og efla ábyrð nemenda á eigið nám. Hvetja til samvinnu og samábyrgðar í námi.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri í að þroskast og efla sína hæfileika ásamt þess að veita öðrum tækifæri til þess m.a. með að veita vinnufrið.
Sköpun	Lagt verður fyrir verkefni sem efla sköpun og skapandi hugsun t.d. með skapandi verkefnum, notkun á fjölbreyttum stærðfræðigögnum og námsefni og verklegum athugunum.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum: Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hringekja, ýmis konar hópavinna, innlögn í krók og í litlum hópum.

Námsgögn: Sproti 3a og 3b, Evolytes og annað rafrænt efni t.d. inni á www.nams.is og <https://podium.gyldendal.no/MNO1-4/3a>. Spil og verkleg verkefni. Nemendur eru hvattir til að nýta sér ýmis hjálpargögn, svo sem kubba, talnagrindur, spil og kennslupeninga.

Unnið verður út frá því að hver nemandi fái námsgögn við sitt hæfi.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem er unnið jafn og þétt yfir skólaárið. Kennaraeinkunn/umsögn og prófseinkunn eru gefnar í lok annar. Kennaraeinkunn er m.a. gefin út frá virkni, áhuga og verkefnabókum. Prófseinkunn byggist á prófi í lok annar.

Stærðfræði í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.
- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir. Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talna línur, teikningar og mynd rit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlut bundin gögn, reiknirit, talna línu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni. Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar.
- Lesið og lagt mat á einfaldan stærðfræðitexta. Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

Tölur og reikningur

- Skráð fjölda og reiknað með náttúrulegum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga og skráð svör sín með tugakerfisrithætti.
- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

Algebra

- Hannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur.
- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

Rúmfræði og mælingar

- Notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði, unnið með rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.
- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Unnið með mælikvarða og lögun. Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn, speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Tölfræði og líkindi

- Gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur og gert einfaldar tilraunir með líkur.
- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið, Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra. Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð. Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum Námsgögn: Námsbækur s.s. Sproti 4a nemenda- og æfingahefti og Spoti 4b nemenda- og æfingahefti, Stærðfræðispæjarinn, ýmis verkefni og prautir. Ásamt ýmsum hjálpargögnum sem notuð eru eftir þörfum.

Námsmat: Reynt er að nota sem fjölbreyttast námsmat. Við leiðum þau áfram í takti við áherslur leiðsagnarmats með því að beyta símati, sjálfsmati og markmiðssetningum. Nemendum er veitt umsögn í annarlok sem kennari byggir á vinnu nemenda s.s. vinnuheftum og framlagi í kennslustund sem og prófum.

Enska í 3. og 4. bekk

Kennarar: Árný Jóna Sigurðardóttir og Lea Birna Lárusdóttir í 3. bekk, í 4. bekk Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen og Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Markmið í ensku: Markmið eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Læsi	Umræður og margvísleg umfjöllun um mismunandi birtingarmyndir læsis. Fjölbreytileg verkefni sem efla mál-, les- og hlustunarskilning, t.d. hlusta á efni af snældum og hljómdiskum, fyrirmæli ýmist á ensku eða íslensku og vinna ýmis verkefni sem tengjast hlustun og skilningi á töluðu máli. Unnin verkefni sem byggja á lesskilningi s.s. stuttar þýðingar og fundnar afmarkaðar upplýsingar í texta með grunnorðaforða daglegs lífs.
Sjálfbærni	Efla ábyrgðarhlutverk og vekja áhuga nemenda í að varðveita og efla ensku og íslenskt mál í fjölmennigarlegu samhengi.
Heilbrigði og velferð	Andleg, líkamleg og félagsleg heilbrigði er æft og eflt með fjölbreyttum verkefnum í einstaklings- og hópavinnu. Samtalsæfingar og samskiptaleikir.
Lýðræði og mannréttindi	Vekja áhuga á og efla ábyrð nemenda á eigið nám. Nemendum er gert grein fyrir að það eru ekki allstaðar sömu tækifæri til enskunnáms.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri í að þroskast og efla sína hæfileika ásamt þess að veita öðrum tækifæri til þess m.a. með að veita vinnufrið og vinna saman.
Sköpun	Lagt verður fyrir verkefni sem efla sköpun og skapandi hugsun t.d. með skapandi skrif, myndasögur og föndur.

Kennslufyrirkomulag

Unnið er út frá fjórum færniþáttum hlustun, lestri, töluðu máli og ritun. Þjálfun þessara þátta skarast svo í mismunandi verkefnum. Málfræðiatrúli lögð inn með jöfnum höndum er þau koma fyrir í námsefninu.

Námsgögn

Yes we can 2 og 3 og ýmislegt annað ítarefni fyrir 3.bekk.

Námsmat

Símat. Öll vinna nemenda er lögð til grundvallar í námsmati auk kannana og prófs í vor.

Samfélagsfræði/lífsleikni í 1. bekk

Kennarar: Theodóra Jóna Guðnadóttir og Saga Tíbrá Bergmann

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Ísfeld Ingadóttir

Í aðalnámskrá hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á með nemendum út frá því sem talið er mikilvægast að tekið verði fyrir. Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt og markast skiptingin af því hvert viðfangsefni markmiðanna er. Viðfangsefnin eru reynsluheimur nemenda, hugarheimur og félagsheimur. Megnið af hæfniviðmiðunum eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári á yngsta stigi. Þar sem vinna í samfélagsgreinum snýst að miklu leyti um að vinna með viðhorf nemenda er mikilvægt að vinna oft með sama hlutinn. Lífsleikni nám er stór hluti af samfélagsfræði og þær stefnur sem skólinn starfar eftir s.s ART og UTÁ spila stórt hlutverk í kennslu.

Námsmarkmið

Við lok 1. bekkjar getur nemandi.

- áttað sig á að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,
- þekkt hlutverki einstaklinga í fjölskyldu
- áttað sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna og þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- sett sig í spor annarra jafnaldra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,
- unnið verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar, þ.e. bekkjarsáttmál, mitt og þitt hlutverk o.s.frv.
- tekið virkan þátt í ART bekkjartímum og lagt sitt af mörkum
- kynnist hugtökum tengdum árstíðum og gangi himintungla, s.s. sólarhringur, mánuður, ár, skammdegi

Leiðir

Samfélagsfræðigreinar eru oft samþættar bæði náttúrufræði og íslensku. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir og að nemendur fái margskonar leiðir til að miðla þekkingu sinni á skapandi hátt.

Námsefni

Komdu og skoðaðu: Líkamann minn, Ýma tröllastelpa, ýmis gagnvirk verkefni.

Námsmat

Símat þar sem horft er á framkomu, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Gefin verður kennaraeinkun í lok hverrar annar

Samfélagsfræði/Lífsleikni í 2. bekk

Kennarar: Asta Johanna Furuheilm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Samfélagsfræðigreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Það er skylda hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu. Nauðsynlegt er að kenna nemendum þýðingu þessara gilda fyrir komandi framtíð.

Samfélagsgreinar hjálpa nemendum að gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í samfélaginu. Nemandur fá líka tækifæri til að skoða og læra að þekkja nærumhverfi sitt og einkenni lands og þjóðar.

Að nemendur:

- vinni bekkjarsáttmála
- vinni með hugtökin mitt og þitt hlutverk samkvæmt vinnuferli uppeldis til ábyrgðar
- vinni verkefni sem tengjast mikilvægum gildum eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu
- þekki nokkur örnefni og sögustaði í sinni heimabyggð
- þekki nokkrar sögur og frásagnir úr byggðarlaginu
- þekki íslenska fánann og tákn hans
- þekki íslenska skjaldarmerkið og söguna af landvættunum
- skilji tímahugtök tengd árstíðum, s.s. sólarhringur og jafndægur
- fái tækifæri til að lifa sig inn í atburði og umhverfi sem nemandanum er nálægt eða fjarlægt
- geti tjáð sig munnlega og hlustað á aðra, þjálfist og vinni með umferðarreglurnar bóklega jafnt sem verklega

Kennsluhættir:

Umræður, frásagnir og upplestur. Verkefnavinna einstaklinga í vinnubók og hópavinna. Ýmsir þroskaleikir, leikræn tjáning, hlutverkaleikir o.fl.

Námsgögn:

Ég og hinir vinnuhefti og annað efni frá kennara.

Námsmat:

Í lok annar fá nemendur umsögn um hverging þeir stóðu sig í tímum. Metnir verða þættir eins og jákvæðni og vinnusemi, áhugi, vandvirkni og einbeiting.

Samfélagsfræði/Lífsleikni í 3. bekk

Kennara: Ástvaldur Helgi Gylfason og Lea Birna Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Meginmarkmið: Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

Læsi	Eflum læsi í öllum sínum birtingarmyndum, sem dæmi má nefna samskiptalæsi og umhverfislæsi.
------	---

Sjálfbærni	Efla ábyrgðarhlutverk og vekja áhuga nemenda í að varðveita og efla íslenskt mál og íslenska menningu. Nemendur kynnast mismunandi menningarheima sem efla sjálfbærni í samfélaginu.
Heilbrigði og velferð	Andleg, líkamleg og félagsleg heilbrigði er æft og eflt með fjölbreyttum verkefnum í einstaklings- og hópavinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Vekja áhuga á og efla ábyrð nemenda á sitt eigið nám. Nemendur fá tækifæri að kynnast þeim mannréttindum sem þeir búa við og lýðræðið sem eflist með aukinni menntun.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri í að þroskast og efla sína hæfileika ásamt þess að veita öðrum tækifæri til þess m.a. með að veita vinnufrið.
Sköpun	Lagt verður fyrir verkefni sem efla sköpun og skapandi hugsun og taka þátt í umræðum.

Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum: Nemendur vinna bekkjarsáttmála í anda uppeldi til ábyrgðar. Í tengslum við þá vinnu verður bekkjarbragurinn ræddur í bekknum.

Nemendur verða virkjaðir til umræðna í minni hópum. Stuðst verður við ART og þannig stuðlað að umræðum um lýðræði, jafnrétti og virðingu. Lesnar verða klípusögur og nemendur látnir setja sig í spor annarra. Þannig þjálfast nemendur líka í rökhusun og að reyna að taka réttar ákvarðanir í ýmsum flóknum aðstæðum.

Samfélagið, frá bekkjarheild yfir í stærri hópa, verður í brennidepli. Að orð og athafnir hafi afleiðingar sem þarf að bera ábyrgð á.

Námsgögn: Uppeldi til ábyrgðar, Könnum kortin, Komdu og skoðaðu bókaflokkurinn og annað efni frá kennara.

Námsmat: Í lok annar verður veitt umsögn. Metnir verða þættir eins og jákvæðni og vinnusemi, áhugi, vandvirkni og einbeiting.

Samfélagsfræði/Lífsleikni í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir og Ólög Sæmundsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmunndsdóttir

Kennsluhættir: Aðferðir samfélagsfræðinnar fyrstu árin eru samræður, frásögn, leikur, myndvinna og ritað mál, eftir því sem kunnáttu og þroska fleygir fram.

Unnið er með uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga. Með stefnunni er lögð áhersla á að nemdendur læri sjálfsaga og að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

Unnið er með Art. ART er aðferð til að hjálpa börnum og fullorðnum að bæta félagsfærni, læra að stjórna reiði sinni, efla siðferðisþroska og draga úr árásargjarnri hegðun.

Nemendur vinna bæði í hópum og einstaklingslega. Notuð er leikræn tjáning, samræður og myndræn tjáning við úrlausn verkefna og m.a. unnið út frá söguáðferðinni. Áhersla er lögð á heildstætt nám, þ.e. að tengja samfélagsfræðina við aðrar greinar, s.s. íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og myndmennt. Unnið verkefnið *Bekkjarsáttmálinn*.

Námsgögn: Landið þitt Ísland, Komdu og skoðaðu; eldgos og Komdu og skoðaðu; land og þjóð. Ásamt ýmsum fræðiritum og kortum.

Námsmat: Reynt er að nota sem fjölbreyttast námsmat. Við leiðum þau áfram í takti við áherslur leiðsagnarmats með því að beyta símati, sjálfsmati og markmiðssetningum. Nemendum er veitt umsögn í annarlök sem kennari byggir á vinnu nemenda s.s. vinnuheftum og framlagi í kennslustund sem og prófum.

Náttúrufræði og útikennsla í 1. bekk

Kennarar: Saga Tíbrá Bergmann og Theodóra Jóna Guðnadóttir

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Ísfeld Ingadóttir

Markmið: Markmið eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Viðfangsefni: Náttúrufræði fer meðal annars fram í formi útikennslu þar sem stefnt er á að bekkurinn fari út allt skólaárið óháð veðri og einni 40 mínútna kennslustund innandyrna. Kennslan byggist á umræðum, vettvangskönnunum, leikjum og verkefnavinnu. Í stökum náttúrufræðitímum er unnið í þemaverkefnum og einnig unnið úr því sem við finnum úti. Leitast verður við að efla forvitni nemenda á náttúrunni og virkja áhuga þeirra á þeim skemmtilega heimi sem þar er að finna. Útivera og hreyfing eflir og bætir líkamlega og andlega heilsu nemenda auk þess sem þar fá nemendur að upplifa náttúruna á sem raunverulegasta máta og læra að þekkja hana og skilja á sinn hátt.

Leiðir að markmiðum:

Nemendur:

- læri að þekkja og bera virðingu fyrir náttúrunni
- kynnist skólaumhverfinu og nánasta umhverfi skólans
- læri um árstíðirnar og helstu einkenni þeirra
- þekki algeng veðurhugtök
- þekki algeng tré
- þekki algengan gróður
- þekki algenga fugla
- þekki algeng smádýr

Námsefni:

Valið efni úr Komdu og skoðaðu bókaflokknum, greinar í bókum og tímaritum, myndbönd og valin verkefni frá kennara.

Námsmat:

Notast verður við frammistöðumat og nemendur metnir jafnt og þétt yfir veturinn, þar sem vinnusemi, þekking, hegðun og samstarfshæfni liggja til grundvallar.

Náttúrufræði og útikennsla í 2. bekk

Kennari: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Meginmarkmið

Náttúrufræði og útikennsla eru náskyld og hafa bæði í för með sér mikla útiveru og hreyfingu. Í stað fastra veggja skólastofunnar kemur víðátta, frjálsræði og nýtt umhverfi. Útikennsla er talin efla og styrkja allt nám. Þar að auki er hún holl fyrir líkama og sál. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna á sem raunverulegastan hátt og læri að þekkja hana, skilja og skynja. Nemendur á yngsta stigi eru yfirleitt mjög næmir og taka vel eftir öllu í umhverfi sínu og því er auðvelt að auka forvitni þeirra, vekja upp spurningar, umræður og fleira. Nemendur vinna í mismunandi hópum og þjálfast þannig í samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Markmið

Að nemendur:

- læri að þekkja og bera virðingu fyrir náttúrinni
- verði meðvitaðir um gildi þess að flokka rusl
- læri að upplifa umhverfi sitt og náttúruna á jákvæðan hátt og verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft
- læri að þekkja nokkrar
- læri að þekkja helstu tré
- læri að þekkja algengan gróður s.s.
- læri að þekkja algengustu smádýr
- læri að þekkja helstu veðurhugtök
- læri að þekkja mismun og einkenni árstíða
- verði áhugasamari um náttúruna og læri að skilja að afkoma og líf okkar er samofið náttúrunni.
- þekki helstu veðurhugtök.

Kennsluaðferðir

- Náttúrufræðikennsla verður samþætt öðrum námsgreinum svo sem íslensku og samfélagsfræði, eðlilega mun stór hluti hennar fara fram í útikennslutímum sem eru tvær 40 mínútna samliggjandi kennslustundir. Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem vettvangsferðir, upplýsingaöflun og leitaraðferðir. Nemendur munu afla upplýsinga í umhverfinu og safna sýnishornum. Einn 40 mínútna tími fer fram að mestu innandyra þar sem reynt verður eftir fremsta megni að efla áhuga og forvitni nemenda á náttúrunni með markmið náttúrufræði annars bekkjar til grundvallar vali á námsefni.

Námsmat: Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum. Gefin verður kennaraeinkunn í lok hverrar annar.

Námsefni: Halló heimur 1, greinar í bókum og tímaritum, veraldarvefurinn, ýmis verkefni frá kennara.

Náttúrufræði og útikennsla í 3. bekk

Kennarar: Edda S. Thorlacius, Lea Birna Lárusdóttir og Ólöf Sæmundsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið skóla eru miðuð við aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræðihluta frá árinu 2011/2013.

Nemendur læri að þekkja og skilja tengsl sín við umhverfi sitt og náttúru. Nemendur átti sig á að allt í umhverfi og náttúru er hvað öðru háð, hvergi er í raun upphaf og endir frekar en í hringforminu.

Að nemandi:

- Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu
- Verði meðvitaður um gildi þess að flokka rusl

- Læri að upplifa umhverfi sitt og náttúruna á jákvæðan hátt og verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft
- Öðlist meiri þekkingu á eigin líkama og tilfinningum og efla skilning þeirra á að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur og jákvæður
- Kynnist hugtökum tengdri veðurfræði
- Skoði steina og flokki þá eftir ólíkum eðliseiginleikum, s.s. stærð, lögun, þyngd og áferð
- Skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi í heimabyggð
- Fræðist um dægra og árstíðaskipti við hreyfingu sólar og jarðar
- Þekki helstu lífverur í nánasta umhverfi og heimabyggð
- Þekki nokkur séreinkenni dýra og plantna
- Þjálfist í að flokka dýr eftir því hvað þau éta, þ.e. hvort þau nærast á plöntum eða öðrum dýrum
- Kynnist uppgræðslu lands
- Þekki og geti nafngreint íslensk spendýr á landi og helstu fugla í heimabyggð

Leiðir:

Kennsluhættir eru fjölbreytilegir. Útikennsla er sérstaklega nauðsynleg í náttúrufræðinámi, þar sem úti í samfélagi, umhverfi og náttúru er sá raunveruleiki sem börnin eru að læra um og þurfa að þekkja, skilja og skynja.

Nemendur gera athuganir á ýmsu sem tengist náttúrunni, s.s. vatni, steinum og gróðri. Nemendur þekki hvernig náttúran breytist eftir árstíðum, heiti og mun árstíðanna og fylgjast með veðri og vindum.

Nemendur geri athuganir og tilraunir með vatna og grjót.

Nemendur vinna verkefni um líkamann út frá hugmyndum í bókunum Komdu og skoðuðu líkamann og Um mig og þig.

Nemendur vinna verkefni sem tengjast umhverfi okkar og þekktustu kennileitum í nágrenni okkar.

Námsgögn:

- Komdu og skoðuðu, -líkamann, -umhverfið.
- Hafíð
- Í sveitinni með Æsu og Gauta
- Hani, krummi, hundur, svín...
- Greinar í bókum og tímaritum
- Veraldarvefurinn
- Komdu og skoðuðu himingeiminn
- Hringrásir
- Íslenskir þjóðhættir
- Landakort
- Landakort (bók)

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Til að ná settum markmiðum verða notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, paravinna, hópavinna og leikræn tjáning. Gerðar athuganir og farið í vettvangsferðir þar sem gefst tækifæri til að vinna með lífríkið.

Námsmat:

Kennaraeinkunn byggð á virkni nemanda í tímum, vinnubrögð, sjálfsmati og mati kennara á verkefnamöppu.

Náttúrufræði og útikennsla í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Meginmarkmið:

Þetta form kennslu hefur í för með sér mikla útiveru og hreyfingu bæði fyrir nemendur og kennara. Í stað skólafundar kemur víðáttu, frjálshæði og nýtt umhverfi. Útinám er einfaldlega það nám sem fer fram úti t.d í útistofu eða nánasta umhverfi skólans. Útikennsla er talin efla og styrkja allt nám að auki er hún holl fyrir líkama og sál. Í útikennslu er hægt að nota flestar kennsluaðferðir.

Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna á sem raunverulegastan hátt og læri að þekkja hana, skilja og skynja. Nemendur á yngsta stigi eru yfirleitt mjög næmir og taka vel eftir öllu í umhverfi sínu og því er auðvelt að auka forvitni þeirra, vekja upp spurningar, umræður og fleira.

Í náttúrufræðinni í vetur munum við fræðast sérstaklega um fugla. Í útikennslunni notum við líka stundum tækifæri til að kynnast og heimsækja fyrirtæki og stofnanir í kringum okkur.

Markmið:**Að nemendur:**

- þekki náttúruna og bera virðingu fyrir henni
- þekki nokkrar fuglategundir s.s hrafn, álft/svan, heiðlóu, kríu, snjótittling/sólskríkja, spóa, skógarþröst og tjald
- þekki tré s.s birki, grenitré og ösp
- þekki algengan gróður s.s brennisóley, túnffíl, holtasóley, blóðberg og lúpínu
- þekki algengustu smádyr s.s köngulær, járnsmiði, ánamaðka og snigla
- þekki helstu veðurhugtök og áhrif veðurs á daglegt líf
- þekki mismun og einkenni árstíða
- geri sér grein fyrir því að við erum hluti af náttúrunni og það skiptir miklu máli hvernig við göngum um hana
- safni sýnishornum sem hægt er að rannsaka og vinna með
- þekki nærumhverfi sitt, rati vel um og fái sýn á það sem fólk er að gera/vinna við

Kennsluaðferðir

Notast verður við sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir svo sem vettvangsferðir, hópavinnu, umræðu og leitaraðferðir. Nemendur munu leita upplýsinga sem mest í umhverfinu og safna sýnishornum.

Heimsóknir í fyrirtæki, sýna kurteisi og spyrja spurninga.

Námsmat

Notast verður við frammistöðumat og nemendur metnir jafnt og þétt yfir veturinn. Metin er ástundun, áhugi og frammistaða í tímum.

Myndmennt

Kennari: Sigrún Jónsdóttir

Markmið skóla og nemenda

Læsi barna er samfléttað úr lestri leturs, tákna og mynda. Þau lesa sitt nánasta umhverfi á ólíka vegu og verður í vetur fengist við að skoða, skrá, skilja og túlka umhverfið með ýmsum efnum og aðferðum. Þjálfuð verður leikni í teikningu, málun, mótun og fleiri listrænum þáttum. Unnið verður með grunnformin, litablöndun, lestur myndverka, sköpun myndverka og könnun á íslenskum listamönnum. Mikil áhersla er lögð á umgengni og lýðræðisleg vinnubrögð strax í upphafi myndlistarnámsins. Þau nota listir sem tjáningarmiðil og læra ýmsa þætti er snúa að mennskunni og þjálfá jákvæðar leiðir til tjáningar. Í kennslulutum er gætt að heilbrigðri hreyfingu og slökun.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Kennt verður í smiðjum. Nemendum 1. og 2. bekkjar er blandað saman í fjóra hópa og 9-10 nemendur í hverjum hóp. Nemendum í 3. og 4. bekk er einnig blandað í fimm hópa og eru 9 - 10 nemendur í hverjum hóp.

Kennsluaðferðir verða m.a. útikennsla, upplifunaraðferðir, sýnikennsla, sjónsköpun, rannsóknir, námsleikir, safnakennsla og verkleg kennsla.

Námsgögn

Myndmennt 1, myndmiðlar, listaverkabækur, tölvuforrit og gagnvirkir efni af vef. Pappír og litir af ýmsu tagi, verðlaust efni o.fl.

Námsmat

Leiðsagnarmat: verkmöppur, gátlistar, sjálfsmat og frammistöðumat. Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.

Textílmennt

1. - 2. bekkur

Kennari: Theodóra Jóna Guðnadóttir

Markmið skóla:

Markmið textílkennslunnar er að örva sköpunargleði, vinnugleði, frumkvæði og sjálfstraust nemenda. Lögð er áhersla á þjálfun fínhyfinga og samhæfinga.

Nemendur eru þjálfaðir í að fylgja munnlegum og skriflegum fyrirmælum. Kynntir er helstu þættir textílmenntar, aðferðir og áhöld. Mikil áhersla lögð á hegðun og umgengni í stofu.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Nemendum í 1.- 2. bekk er skipt í 8-12 manna hópa. Hver hópur fer í textílsmiðju 2 x í viku 80 mín. í senn.

Textílkennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þeir útfæra á sinn eigin hátt og eru verkefnin löguð að getu hvers og eins. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námgreinar, þemavinnu o.s.frv. Leitast er við að hafa verkefnin þannig að nemendur nái að ljúka þeim.

Þrjón: Nemendur læra að puttaprjóna og snúa bönd.

Útsaumur: Nemendur læra að sauma ýmis spor til að skreyta stykki og til að sauma saman tvö stykki.

Annað: Klippa, hnýta, þæfa, þrykkja, mála, endurnýta efni, búa til dúsk og snúru.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndsla, sýnikennsla og samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

Námsmat

Nemandi leggur mat á eigin vinnu í lok hvers tíma (sjálfsmat) og kennari metur vinnu nemandans. Eftirfarandi þættir eru metnir og er námsmat byggt á þeim: frumkvæði (útsjónarsemi), sjálfstæði, ástundun (virkni í tíma), vandvirkni, umgengni, hlýðni og sjálfstjórn (hegðun). Kennari skráir í námfús þegar við á. Kennaraeinkunn er gefin í lok hverrar annar.

3.-4. bekkur

Kennari: Theodóra Jóna Guðnadóttir

Markmið skóla:

Markmið textílmenntakennslunnar er að örva sköpunargleði, vinnugleði, frumkvæði og sjálfstaust nemenda. Lögð verður áhersla á þjálfun fínhyfinga og samhæfingu hugar og handa.

Nemendur eru þjálfaðir í að fylgja munnlegum og skriflegum fyrirmælum. Kynntir er helstu þættir textílmenntar, aðferðir og áhöld.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendum í 3.- 4. bekk er skipt í 9-10 nemenda hópa og koma þeir í smiðju 2 x í viku 80 mín í senn.

Textílkennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þeir útfæra síðan að eigin óskum og eru löguð að getu hvers og eins. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa, eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námgreinar, þemavinnu o.s.frv. Sum verkefni ná nemendur ekki að klára í einni lotu og geta haldið áfram með þau í næstu lotu.

Útsaumur: Nemendur læra að sauma nokkur mismunandi spor til að skreyta verkefni sitt

Vélsaumur: Nemendur vinna verkefni á saumavél, gera sporbreytingar og læra að þræða saumavél.

Þrjón: Nemendur geta sem aukaverkefni lært að prjóna garðaprjón eða búa til fígúru úr puttaprjónuðu stykki.

Annað: þæfing, þrykk, málun, endurnýting efna.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndsla, sýnikennsla, samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

Námsmat

Kennaraeinkunn er byggð á eftirfarandi: Leiðsagnarmat – notaður verður tékklisti og sjálfsmat - nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma á ákv. eyðublað og á sama blaði er mat kennara. Kennari skráir inn í Námfús.

Smíði - mótun

Kennari: Guðrún Auður Björnsdóttir

Markmið skóla: Eru miðuð við Aðalnámsskrá grunnskóla - hönnun og smíði. Í upphafi smiðju verður kennd/rifjað upp heiti á verkfærum, hvernig eigi að umgangast þau, nota, hreinsa og ganga frá þeim eftir notkun. Einnig verða öryggisþættir yfirfarnir/rifjaðir upp. Reynt verður að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði með einföldum verkefnum og mismunandi meðferð yfirborðs. Nemendur verða þjálfaðir í sögun, þússon, málun og e.t.v. tálgun í útikennslu.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:

Nemendur koma 2x. í viku og verður hver hópur í 8 vikur. Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum). Nemendur fá ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins (stöðumat). Unnir verða ýmsir hlutir úr samanlímdum kubbum, einfaldar myndir úr viðarbútum og hlutir úr krossvið. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námgreinar, þemavinnu o.s.fv.

Námsgögn:

Notuð verða verkfæri, tól og tæki sem smíðastofan býr yfir. Unnið með ýmisskonar efnivið.

Námsmat:

Kennaraeinkunn er byggð á eftirfarandi: Leiðsagnarmat – notaður verður tékklisti og sjálfsmat - nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma á ákv. eyðublað og á sama blaði er mat kennara. Kennari skráir inn í Námfús.

Heimilisfræði

1. og 2. bekkur.

Kennari: Ólöf Sæmundsdóttir

Heimilisfræði snýst um matreiðslu, næringu, hollustu, vinnubrögð, hreinlæti, umhverfisvernd og matvælafræði. Nemendur eiga að tileinka sér einfalda vinnutækni í matreiðslu (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa og sjóða), þrífa og ganga frá eftir sig í eldhúsinu. Æskilegt er að nemendur fái að æfa sig heima.

Markmið:

- Að nemandi temji sér að þvo sér um hendur áður en starf hefst í eldhúsi.

- Að nemandi öðlist færni í að þvo upp eftir hreinlætiskröfum.
- Að nemandi temji sér sjálfstæði og frumkvæði.
- Að nemandi geti unnið með öðrum að verkefnum.
- Að nemandi temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Að nemandi þjálfist í að vinna eftir auðveldum uppskriftum.
- Að nemandi kunni að flokka sorp sem fellur til í eldhúsi í lífrænt og ólífrænt.
- Að nemandi temji góða borðsiði.

Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendur fara eftir uppskriftum og annað hvort baka eða matreiða mat, bera matinn fram og matast, ganga frá í eldhúsinu og skila því hreinu. Einnig eru skrifleg verkefni.

Námsgögn

Gott og gaman

Námsmat

Gefin er kennaraeinkunn í lok annar svokölluð smiðjueinkunn sem byggir á leiðsagnarmati.

Kennslutími

Unnið er í smiðjum þ.e. 2 x 80 mín í um það bil 8 vikur hver hópur.

3. og 4. bekkur

Kennari: Ólöf Sæmundsdóttir

Heimilisfræði snýst um matreiðslu, næringu, hollustu, vinnubrögð, hreinlæti, umhverfisvernd og matvælafræði. Nemendur eiga að tileinka sér einfalda vinnutækni í matreiðslu (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa og sjóða), þrifa og ganga frá eftir sig í eldhúsinu. Æskilegt er að nemendur fái að æfa sig heima.

Markmið:

- Að nemandi noti rétt áhöld við matreiðslu.
- Að nemandi temji sér að þvo sér um hendur áður en starf hefst í eldhúsi.
- Að nemandi öðlist færni í að þvo upp eftir hreinlætiskröfum.
- Að nemandi temji sér sjálfstæði og frumkvæði.
- Að nemandi geti unnið með öðrum að verkefnum.
- Að nemandi temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Að nemandi þjálfist í að vinna eftir auðveldum uppskriftum.
- Að nemandi kunni að flokka sorp sem fellur til í eldhúsi í lífrænt og ólífrænt.
- Að nemandi temji góða borðsiði.

Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendur fara eftir uppskriftum og annað hvort baka eða matreiða mat, bera matinn fram og matast, ganga frá í eldhúsinu og skila því hreinu. Einnig eru skrifleg verkefni sem nemendur vinna saman eða sitt í hvoru lagi.

Námsgögn

Heimilisfræði 3.

Námsmat

Gefin er kennaraeinkunn í lok annar svokölluð smiðjueinkunn sem byggð er á leiðsagnarmati.

Kennslutími

Unnið er í smiðjum þ.e. 2 x 80 mín í um það bil 8 vikur hver hópur.

Tónmennt

Kennari: Ingibjörg Erlingsdóttir, Saga Tíbrá Bergmann og Árný Jóna Sigurðardóttir

Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málproska og fl. Að iðka tónlist og njóta hennar felur í sér ákveðin ferli:

Söng og raddbeitingu, lestur og ritun, hljóðfæranotkun, hreyfingu, hlustun og sköpun

Markmið skóla:

Markmið eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011.

Markmið

Að nemendur:

- Syngi í hóp fjölbreytta tónlist.
- Læri að njóta þess að hlusta á tónlist frá ýmsum löndum og einnig sígilda tónlist.
- Kunni meðferð hljóðfæra.
- Þekki algengustu skólahljóðfæri eftir nafni.
- Kunni einföld hrynmynstur og læri hlustun.
- Þjálfra líkamsvitund, samhæfingu og samvinnu með leik og söng.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum

Nemendur fá kennslu í flestum þáttum tónlistar en lögð verður mest áhersla á samspil og söng.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenntsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum).

Námsgögn

Hljóðfæri tónmenntastofunnar, Tónmennt 1. 2. og 3. hefti (kennslubók, vinnubók og söngvasafn.)

Karneval dýranna, Komdu og hlustaðu, Það var lagið. (Hugmyndaefni í tónmennt), Syngjandi skóli auk námsefnis frá kennara.

Námsmat

Sjálfsmat, vinnubækur og kennaraeinkunn sem felur í sér þessa þætti: sjálfstæði/frumkvæði, ástundun/vandvirkni, umgengni/hegðun.

Upplýsinga- og tæknimennt í 1. bekk

Kennari: Erla Guðfinna Jónsdóttir, Saga Tíbrá Bergmann og Theodóra Jóna Guðnadóttir

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Ísfeld Ingadóttir

Markmið: Markmið í Upplýsinga- og tæknimennt eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla.

Megin viðfangsefni námssviðsins:

- Að nemendur fái aukinn áhuga á bókmenntum með því að lesa/skoða bækur og hlusta á upplestur.
- Að nemendur kynnist reglum bókasafnsins.
- Að nemendur læri að fá lánaðar bækur og kynnist flokkunarkerfi bókasafnsins.
- Að nemendur læri að skrá sig inn og úr tölvum.
- Að nemendur læri að umgangast tölvur.
- Að nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir. Kynnist til að mynda Word, Paint, netinu, tölvupósti og námsleikjum.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Að nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

Námsefni:

Ýmsar barnabækur og aðrar bækur af safni.

Word, veraldarvefurinn, paint, námsleikir, tölvupóstur og fleiri forrit í tölvum.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tölvutíma og einn tíma á bókasafni.

Námsmat:

Byggist á Lykilhæfni í námi.

Nemendur leysa tímaverkefni einu sinni á önn til að meta hvort nemendur hafa náð hæfnimarkmiðum. Kennaraeinkunn gefin í lok annar.

Upplýsinga- og tæknimennt í 2. bekk**Tölvur í 2. bekk**

Kennari: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúar: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið í Upplýsinga- og tæknimennt eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla.

Megin viðfangsefni námssviðsins:

- Að nemendur læri að skrá sig inn og úr tölvum.
- Að nemendur læri að umgangast tölvur.
- Að nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir. Kynnist til að mynda Word, Paint, netinu, tölvupósti og námsleikjum.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Að nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

Námsefni:

Word, veraldarvefurinn, paint, tölvupóstur, námsleikir og fleiri forrit í tölvum.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tölvutíma.

Námsmat:

Byggist á Lykilhæfni í námi.

Nemendur leysa tímaverkefni einu sinni á önn til að meta hvort nemendur hafa náð hæfnimarkmiðum. Kennaraeinkunn gefin í lok annar.

Bókasafn í 2. bekk

Kennari: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen og Árný Jóna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúar: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið:

Að nemendur;

- læri alla almenna umgengni og framkomu á bókasafni
- kynnist bókum og læri að afla sér upplýsinga úr þeim
- vinni margvísleg verkefni upp úr bókum
- kynnist skráningakefi bókasafnsins
- þekki mun á skáldsögum, ævisögum, þjóðsögum, ævintýrum og fræðibókum
- kunni að leita í léttum orðabókum
- geti samið spurningar og leitað svara í léttum fræðibókum

Kennsluhættir

Unnið er með helminginn af bekknum í senn. Verkefnavinna, hlustað á sögur, frjáls lestur, hópavinna og einstaklingsvinna.

Námsgögn

Fjölbreytt verkefni við hæfi.

Námsmat

Metin er frammistaða nemenda yfir veturinn.

Upplýsinga- og tæknimennt í 3. bekk

Kennari: Edda S. Thorlacius

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Markmið: Markmið í Upplýsinga- og tæknimennt eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla.

Megin viðfangsefni námssviðsins:

- Að nemendur læri að skrá sig inn og úr tölvum.
- Að nemendur læri að umgangast tölvur.
- Að nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir. Kynnist til að mynda Word, Paint, netinu, tölvupósti og námsleikjum.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Að nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við þekkingaröflun.

Námsefni:

Word, veraldarvefurinn, paint, tölvupóstur, námsleikir og fleiri forrit í tölvum.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tölvutíma.

Námsmat:

Byggist á Lykilhæfni í námi.

Nemendur leysa tímaverkefni einu sinni á önn til að meta hvort nemendur hafa náð hæfnimarkmiðum. Kennaraeinkunn gefin í lok annar.

Bókasafn í 3. bekk

Kennarar: Edda S. Thorlacius og Lea Birna Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Markmið:

Að nemendur:

- læri alla almenna umgengni og framkomu á bókasafni
- kynnist bókum og læri að afla sér upplýsinga úr þeim
- vinni margvísleg verkefni upp úr bókum
- kynnist skráningakefi bókasafnsins
- þekki mun á skáldsögum, ævisögum, þjóðsögum, ævintýrum og fræðibókum
- kunni að leita í léttum orðabókum
- geti samið spurningar og leitað svara í léttum fræðibókum

Kennsluhættir

Unnið er með helminginn af bekknum í senn. Verkefnavinna, hlustað á sögur, frjáls lestur, hópavinna og einstaklingsvinna.

Námsgögn

Fjölbreytt verkefni við hæfi.

Námsmat

Metin er frammistaða nemenda yfir veturinn.

Upplýsinga- og tæknimennt í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Markmið: Markmið í Upplýsinga- og tæknimennt eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla.

Megin viðfangsefni námssviðsins:

- Að nemendur læri að skrá sig inn og úr tölvum.
- Að nemendur læri að umgangast tölvur.
- Að nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir. Kynnist til að mynda Word, Paint, netinu, tölvupósti og námsleikjum.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Að nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.
- Að nemendur læri að nýta sér tölvur við þekkingaröflun.

Námsefni:

Word, veraldarvefurinn, paint, tölvupóstur, námsleikir og fleiri forrit í tölvum.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tölvutíma.

Námsmat:

Byggist á Lykilhæfni í námi.

Nemendur leysa tímaverkefni einu sinni á önn til að meta hvort nemendur hafa náð hæfnimarkmiðum. Kennaraeinkunn gefin í lok annar.

Íþróttir og sund

Kennarar: Helgi Jens Hlíðdal, Lárus Viðar Stefánsson og Sandra Úlfarsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Elín Elfa Magnúsdóttir, Guðrún Ísfield Ingadóttir, Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Sarah Maagaard Nilesen og Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Íþróttir og sund eru mjög tengd okkar daglega lífi og því er mjög mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar. Á tímum þar sem tæknivæðingin ræður ríkjum er hreyfing nauðsynleg bæði fyrir andlega og líkamlega líðan nemenda.

Á þessu stigi er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir íþróttar og leikja.

Markmið:**Sund:**

Að nemandi:

- Öðlist færni og sjálfstraust til að vinna í vatnsumhverfi.
- Læri grunnatriði í bringu- bak- og skriðsundi.
- Læri öryggis- og umgengisreglur.

Íþróttir:

Að nemandi:

- Vinni með að styrkja gróf- fin- og samsettar hreyfingar.
- Tileinki sér reglur og sjálfstjórn í leikjum sem öðrum verkefnum.
- Læri öryggis- og umgengisreglur.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**Sund:**

- Unnið verður með verklegar æfingar s.s. köfun, flot, sunðaðferðir og leiki.
- Sýnikennsla á bakka/laug.
- Hópvinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagdir.

Íþróttir:

- Verklegar æfingar, hópvinna, paravinna, einstaklingsvinna.
- Innlagdir, sýnikennsla.

Námsgögn**Sund:**

Sundblöðkur, kútar, korkar, köfunarhringir og fleira tilfallandi.

Íþróttir:

Áhöld fyrir íþróttakennslu eru margþætt og fjölbreytt.

Námsmat**Sund:**

Stöðupróf, lokapróf.

Frammistöðumat (hegðun, virkni og áhugi í tímum).

Íþróttir:

Hreyfiproskapróf framkvæmt í fyrsta bekk.

Símat. Í lok hvers þema er frammistaða nemanda metin. Frammistöðumat (hegðun, virkni og áhugi í tímum).

Kennaraeinkunn byggð á virkni nemanda í tímum, vinnubrögð, sjálfsmati og mati kennara.

ART í 1. bekk**Kennarar:**

Stuðningsfulltrúi: Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru um félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra.
- Að kenna nemendum að temja sér betri samskipti.

Megin viðfangsefni:

- **Félagsfærniþjálfun:** Nemendum er kennd jákvæð samskipti í daglegu lífi. Unnið er á kerfisbundinnhátt með tiltekin atriði. Með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum.
- **Sjálfstjórn:** Nemendum er kennt að bregðast við árekstrum með því að þekkja:
 - ✓ hvað kveikir reiði þeirra,
 - ✓ hvað gerist innra með þeim þegar þau reiðast,
 - ✓ hvernig þau eru vön að bregðast við og
 - ✓ hvaða afleiðingar það hefur.
 Nemendum er kennt að rjúfa ferlið með ýmsum aðferðum, innleiða nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.
- **Efling siðferðis** þjálfun í rökræðum með aðstoð kennara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg áltíamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi nemenda.

Námsefni:

ART námsefni frá kennara, klípusögur og fleira.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tíma í ART. Það er mikið unnið í hlutverkaleikjum og klípusögum til að hjálpa nemendum að öðlast færni að setja sig í sport annarra. Lagt er upp með að hafa vinnuna líflega og skemmtiega.

ART í 2. bekk

Kennari: Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen, Árný Jóna Sigurðardóttir og Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir

Markmið:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru um félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra.
- Að kenna nemendum að temja sér betri samskipti.

Megin viðfangsefni:

- **Félagsfærniþjálfun:** Nemendum er kennd jákvæð samskipti í daglegu lífi. Unnið er á kerfisbundinnhátt með tiltekin atriði. Með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum.
- **Sjálfstjórn:** Nemendum er kennt að bregðast við árekstrum með því að þekkja:
 - ✓ hvað kveikir reiði þeirra,
 - ✓ hvað gerist innra með þeim þegar þau reiðast,
 - ✓ hvernig þau eru vön að bregðast við og
 - ✓ hvaða afleiðingar það hefur.
 Nemendum er kennt að rjúfa ferlið með ýmsum aðferðum, innleiða nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.
- **Efling siðferðis**
Þjálfun í rökræðum með aðstoð kennara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg áltíamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi nemenda.

Námsefni:

ART námsefni frá kennara, klípusögur og fleira.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tíma í ART. Það er mikið unnið í hlutverkaleikjum og klípusögum til að hjálpa nemendum að öðlast færni að setja sig í sport annarra. Lagt er upp með að hafa vinnuna líflega og skemmtiega.

ART í 3. bekk

Kennari: Lea Birna Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sarah Maagaard Nielsen

Markmið:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru um félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra.
- Að kenna nemendum að temja sér betri samskipti.

Megin viðfangsefni:

- **Félagsfærniþjálfun:** Nemendum er kennd jákvæð samskipti í daglegu lífi. Unnið er á kerfisbundinnhátt með tiltekin atriði. Með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum.

- **Sjálfstjórn:** Nemendum er kennt að bregðast við árekstrum með því að þekkja:
 - ✓ hvað kveikir reiði þeirra,
 - ✓ hvað gerist innra með þeim þegar þau reiðast,
 - ✓ hvernig þau eru vön að bregðast við og
 - ✓ hvaða afleiðingar það hefur.
 Nemendum er kennt að rjúfa ferlið með ýmsum aðferðum, innleiða nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.
- **Efling siðferðis**
Þjálfun í rökræðum með aðstoð kennara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg áltíamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi nemenda.

Námsefni:

ART námsefni frá kennara, klípusögur og fleira.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tíma í ART. Það er mikið unnið í hlutverkaleikjum og klípusögum til að hjálpa nemendum að öðlast færni að setja sig í sport annarra. Lagt er upp með að hafa vinnuna líflega og skemmtiega.

ART í 4. bekk

Kennarar: Hildur Hjaltadóttir

Stuðningsfulltrúi: Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir

Markmið:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru um félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra.
- Að kenna nemendum að temja sér betri samskipti.

Megin viðfangsefni:

- **Félagsfærniþjálfun:** Nemendum er kennd jákvæð samskipti í daglegu lífi. Unnið er á kerfisbundinnhátt með tiltekin atriði. Með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum.
- **Sjálfstjórn:** Nemendum er kennt að bregðast við árekstrum með því að þekkja:
 - ✓ hvað kveikir reiði þeirra,
 - ✓ hvað gerist innra með þeim þegar þau reiðast,
 - ✓ hvernig þau eru vön að bregðast við og
 - ✓ hvaða afleiðingar það hefur.
 Nemendum er kennt að rjúfa ferlið með ýmsum aðferðum, innleiða nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.
- **Efling siðferðis**
Þjálfun í rökræðum með aðstoð kennara út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg áltíamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi nemenda.

Námsefni:

ART námsefni frá kennara, klípusögur og fleira.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í hverri viku eiga nemendur einn tíma í ART. Það er unnið í hlutverkaleikjum og klípusögum til að hjálpa nemendum að öðlast færni að setja sig í sport annarra. Lagt er upp með að hafa vinnuna líflega og skemmtiega.

